



# CCU-SAMTÖKIN

(Crohn's og Colitis Ulcerosa Samtökin)

Nóvember 2000



## FRÆÐSLUFUNDUR

CCU-samtökin boða hér með til fræðslufundar  
mánudaginn 27. nóvember 2000, kl. 20:30,  
að Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.

Erindi fundarins verður:                   “Ofnæmi og ópol fyrir fæðu”

Fyrirlesari: Dr. Davíð Gíslason, sérgrein lyflækningar og ofnæmis-  
sjúkdómar, og sérfræðingur á Vífilstaðaspítala.

Fréttir frá formanni:

Þann 3/10 sl. var Dr. Björn Rúnar Lúðvíksson, ónæmisfræðingur, með erindi um rannsóknir sem gerðar hafa verið á ónæmiskerfinu og áhrif þess á Crohn's og Colitis Ulcerosa. Alls mættu 27 félagar og gestir á fundinn. Einn félagi okkar hefur tekið að sér að vinna að heimasíðu CCU samtakanna sem prófverkefni HHÍ. Verkefnið ætti að vera lokið í desember og munum við gefa upplýsingar um vistun síðunnar þegar þær upplýsingar liggja. Við erum að safna netföngum félagsmanna og fyrir þá sem óska eftir upplýsingum eða samskiptum við stjórn nýjar. Þeirri nútímatækni vinsamlega sendið upplýsingar um netföng á ccu.is og/eða petersen centrum.is. Eins og áður hefur komið fram hefur aðalfundur ekki verið haldinn til tveggja ára og höfðum við hugsað okkur að halda hann fyrir áramót. Hinsvegar sáum við fram á að það væri ekki hægt og verður aðalfundur haldinn í febrúar 2001. Við óskum eftir tilnefningum í stjórn og eru félagsmenn hvattir til að gefa kost á sér.. Fræðslufundurinn á mánud. 27/11 ætti að vera mjög fróðlegur en það er mikill fengur að fá Dr. Davíð Gíslason sérfræðing á Vífilstaðaspítala á fund og ég vona að þið sjáð ykkur fært að mæta.

Með von um að sjá ykkur sem flest  
Hrönn Petersen  
Formaður Crohn's og Colitis Ulcerosa Samtakanna